

Nr. 093 / 12 Oddgeir EA 600***Fær veiðarfærin í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1039
Smíðaður: Bozenburg Þýskalandi 1967, Stál
Stærð: 246,5 brl. 365,7 bt.
Mesta lengd: 37,82 m Skráð lengd: 34,72 m
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,05
Vél: Caterpillar 738 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 10

Gögn:
Gögn RNS



Oddgeir ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. ágúst 2012 var Oddgeir EA 600 á togveiðum norður af Eldey. Veður: Logn.

Annar vírinn hafði slitnað svo taka varð trollið á hinum vírnum og þegar hlerinn kom upp lagðist belgurinn undir skutinn og í skrúfuna. Skipstjóri varð var í hvað stefndi og kúplaði strax frá skrúfunni en þá var það orðið um seinan. Til að forða frekari skemmdum á búnaði óskaði hann eftir aðstoð.

Björgunarbáturinn Árni í Tungu kom fyrst að Oddgeiri EA þar sem óttast var að skipið gæti rekið upp í Eldey en björgunarskipið Oddur V. Gíslason kom síðar og dró Oddgeir EA til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn óttaðist ekki að reka upp í eyjuna enda voru þeir á 30 til 40 faðma dýpi og nota mátti akkeri skipsins sem voru tiltæk.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.